

REGLUGERÐ um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði í Aðalvík.

1. gr.

Frá og með 28. júlí 2016 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði í Aðalvík, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°21,00' N - 23°03,00' V
2. 66°21,00' N - 23°15,00' V
3. 66°25,80' N - 23°15,00' V
4. 66°25,80' N - 23°03,00' V
5. 66°21,00' N - 23°03,00' V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. júlí 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Baldur P. Erlingsson.

Sigríður Norðmann.